

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Akraneskaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Jaðarsbakka.

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 13. nóvember 2007, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á Jaðarsbökkum á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að byggingarreitur sundlaugar stækkar til vesturs sem gefur möguleika á byggingu innilaugar við núverandi sundlaugarsvæði. Fyrirkomulag bílastæða breytist og þeim fækkar úr 544 í 524.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 11. desember 2007.

Þorvaldur Vestmann,
sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 11. desember 2007